

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, og bókun 37 við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86., 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB frá 20. apríl 2009 um að koma á fót hópi sérfræðinga um öryggi evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna ⁽³⁾.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.
- 5) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að vikka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til **hóps sérfræðinga um öryggi evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna** sem er skipaður samkvæmt ákvörðun 2009/334/EB og breyta bókun 31 þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þann hóp.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Málgrein 8a í 1. gr. (Rannsóknir og tækniþróun) í bókun 31 breytist sem hér segir:

1. Staflíðir d) og e) í aðlögunarákvæðunum verði endurtölusettir sem staflíðir e) og f).
2. Eftirfarandi nýr staflíður bætist við á eftir staflíð c) í aðlögunarákvæðunum:
„d) Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB frá 20. apríl 2009 ⁽¹⁾, að tilnefna fulltrúa með full réttindi til setu á fundum **hóps sérfræðinga um öryggi evrópsku, hnattrænu**

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 22.

gervihnattaleiðsögukerfanna (öryggisstjórnar evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna).

(¹) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB frá 20. apríl 2009 (Stjtíð. ESB L 101, 21.4.2009, bls. 22).

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn:

„32. Öryggisstjórn evrópsku, hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfanna (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/334/EB).“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.